



Steinsílan

Vörunr. 8850

Lýsing

Steinsílan (8850) er mött vatnspynnaleg sílikonplastþeytumálning ætluð á stein utanhúss. Sílikonbindiefnið myndar afar vatnsfráhrindandi filmu sem er samt mjög opin og hindrar því ekki eðlilega rakaútgufun úr steinsteypu. Málningin nær góðri viðloðun við flesta fleti og veðrunarþol filmunnar er mikið, ásamt því að hreinsa sig sérstaklega vel.

Notkun

Steinsílan er ætluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss, bæði til ný- og endurmálunar. Málningin hentar sérlega vel þegar endurmála á fleti sem eru með þykkri málningarfilmu, vegna þess hversu opin hún er fyrir rakaútgufun. Eindregið er mælt með vatnsfælum undir málninguna á ómálaða múrhúð og steinsteypu á sama hátt og undir aðrar utanhúsmálningar. Með því er byggð upp vatnsvörn í sjálfri steypunni/múrhúðinni.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt og ljósir litir	Purrefni: 61 % (rúmmál)
Gljástig: 3	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 4-6 m ² /l	Þurrktími: 2-4 klst
Eðlisþyngd: 1,7 kg/l	Yfirmálun: Þegar þurr

Undirmálun

Til að hindra enn frekar vatnsupptöku steins er gott er að sílanbaða ómálaða steypu með Mónósílan eða Sílan 290. Einnig hefur reynst afar vel að grunna með Brynju (8820).

Áhöld

Rúlla, pensill eða loftsprauta (ekki loftlaus sprauta).

Vinnutilhögun

Nýmálun

Flöturinn skal vera hreinn og þurr og a.m.k. mánaðar gamall. Fita, sementshúð, ryk, mold og önnur óhreinindi skulu fjarlægð. Bestur árangur næst með háþrýstiþvotti og vandlegri burstun með strákústi. Sterklega er mælt með því að silanbaða nýjan og/eða ómálaðan múr. Málaðar eru 2 umferðir með **Steinsílan**, í fyrri umferð er þynnt 10 % með vatni og 0-5 % í þeirri síðari.

Endurmálun

Flöturinn skal vera þurr og hreinn, þ.e.a.s. laus við fitu, laust yfirborð, ryk, mold og önnur óhreinindi. Bestur árangur næst með háþrýstiþvotti. Málaðar eru 1-2 umferðir með **Steinsílan**.

Athugasemdir

- Á grófhraunaða fleti skal þynna **Steinsílan** 10-15 % í hverri umferð.
- Málið ekki fleti kaldari en +5 °C, né heldur fleti sem sól skín beint á.
- Varasamt getur verið að mála með vatnsþynnanlegum málningum utanhúss þegar von er á næturfrostri.
- Láréttum og lítið hallandi flötum (svo sem vatnsbrettum) er nauðsynlegt að loka áður en **Steinsílan** er sett á þá. Þetta má gera með t.d. Hempatexmálningarkerfi.
- Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Steinsílan** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.